



## Hreppsnefnd 10.06.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 10. júní 2002.

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn 10. júní kl. 16.00 í Miklagarði. Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Emil Sigurjónsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn H. Sigurbjörnsson og Ellert Árnason. Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson. Aðalbjörn Björnsson, sem er sá kjörni fulltrúi sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn, setti hann fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og bauð nefndarmenn velkomna til starfa. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Kosning oddvita til eins árs. Emil Sigurjónsson, kosinn sem oddvita.  
Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum og 2 seðlar auðir

2. mál. Kosning varaoddvita til eins árs. Aðalbjörn Björnsson, kosinn sem varaoddvita.  
Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum og 2 seðlar auðir.

3. mál. Ráðning sveitarstjóra. Þorsteinn Steinsson vék af fundi.  
Oddviti bar upp svofellda tillögu um endurráðninguráðningu Þorsteins Steinssonar í starf sveitarstjóra:” Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að ráða Þorstein Steinsson í starf sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps. Ráðningin gildi út kjörtímabilið og biðlaun greiðist í sex mánuði frá því að starfi sveitarstjóra lýkur. Oddvita og varaoddvita falið að ganga frá ráðningasamningi við Þorstein”

Björn Halldórsson kvaddi sér hljóðs og óskaði sveitarstjórnarmönnum til hamingju með kostningaúrslitin. Vonaði hann að gott samstarf tækist í hreppsnefndinni. Ennfremur óskaði hann eftir upplýsingum kaup og kjör sveitarstjóra.

Aðalbjörn svaraði og skýrði frá hugmyndum meirihlutans um þau efni.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum og einn sat hjá.

Þorsteinn kom aftur inn á fund.

4. mál. Kosning aðal- og varafulltrúa í nefndir:  
Í skólanefnd komu tillögur um eftirtalda aðal- og varamenn:

Aðalmenn:

Björn H. Sigurbjörnsson

Halldóra Árnadóttir

Haraldur Jónsson

Sigríður Edda Guðmundsdóttir

Emma Tryggvadóttir

Tillaga um aðalmenn samþykkt.

Varamenn:

Halldóra Andrésdóttir

Guðrún Stefánsdóttir

Bragi Vagnsson

Tillaga um varamenn samþykkt

Í skipulags- og bygginganefnd komu eftirfarandi tillögur um aðal- og varamenn:

Aðalmenn:

Eyjólfur Sigurðsson  
Baldur Kjartansson  
Bárður Jónasson  
Guðrún Stefánsdóttir  
Jóhann L. Einarsson  
Örvar Sveinsson  
Ari Hallgrímsson  
Tillaga um aðalmenn samþykkt

Varamenn:  
Bjarki Björgólfsson  
Brynjar Joensen  
Helgi Ásgeirsson  
Kristján Davíðsson  
Stefán Guðmundsson  
Nikulás Árnason  
Ingólfur Arason  
Tillaga um varamenn samþykkt

Í hafnarnefnd komu eftirfarandi tillögur um aðal-og varamenn:

Aðalmenn:  
Hafþór Róbertsson  
Friðrik Sveinsson  
Sigurbjörn Björnsson  
Vigfús Davíðsson  
Jörgen Sverrisson  
Tillaga um aðalmenn samþykkt

Varamenn:  
Gauti Halldórsson  
Bárður Jónasson  
Hilmar Jósefsson  
Tillaga um varamenn samþykkt

Í atvinnu- og ferðamálanefnd komu eftirfarandi tillögur um aðal- og varamenn:

Aðalmenn:  
Árni Magnússon  
Guðmundur Wíum Stefánsson  
Sigurveig Róbertsdóttir  
Jóhann Róbertsson  
Helgi Þorsteinsson  
Tillaga um aðalmenn samþykkt

Varamenn:  
Sigríður Bragadóttir  
Arthúr Pétursson  
Einar Þór Sigurjónsson  
Edil Jensdóttir  
Ágústa Þorkelsdóttir  
Tillagas um varamenn samþykkt

Í landbúnaðarnefnd komu eftirfarandi tillögur um aðal- og varamenn:

Aðalmenn:  
Friðbjörn H. Guðmundsson  
Karl Steingrímsson  
Sigríður Bragadóttir  
Sigþór Þorgrímsson  
Valur Guðmundsson

Sigurður Ólafsson  
Gauti Halldórsson  
Tillaga um aðalmenn samþykkt  
Varamenn:  
Helgi Sigurðsson  
Svanur Arthúrssón  
Steindór Sveinsson  
Sigmundur Steingrímsson  
Tillaga um varamenn samþykkt

Í félagsmálanefnd komu eftirfarandi tillögur um aðal- og varamenn:

Aðalmenn:  
Adda Tryggvadóttir  
Einar Kristbergsson  
Inga María Ingadóttir  
Þórunn Egilsdóttir  
Auður Jónsdóttir  
Tillaga um aðalmenn samþykkt,

Varamenn:  
Hrafnhildur Ævarsdóttir  
Guðjón Böðvarsson  
Inga Lára Ásgeirsdóttir

Tillaga um varamenn samþykkt

Eftirfarandi bókun kom fram frá Birni Halldórssyni.

“Ég undirritaður lýsi undrun minni á þeirri ólýðræðislegu afstöðu sem fram kemur við skipan meirihluta hreppsnefndar í þær starfsnefndir sveitarfélagsins sem skipaðar eru 5 mönnum.”  
Björn Halldórsson (sign)

Aðalbjörn Björnsson lagði síðan fram svofellda bókun meirihluta hreppsnefndar:

“Í 40. grein sveitarstjórnarlaga eru skýrar reglur varðandi skipan í nefndir sveitarfélaga þar sem um er að ræða hlutfallskosningar með sama hætti og til sveitarstjórnar. Miðað við fjölda kjörinna fulltrúa í hreppsnefnd er því skipan í nefndir með eðlilegum hætti. Til að kom til móts við minnihlutann hefur meirihlutinn ákveðið að sá minnihlutaflokkur sem ekki fær kjörinn aðalmann fái ávallt 1. varamann í nefndina.”

Einnig var samþykkt að nefndir sem ekki hefur verið kosið í vinni þar til kosið er í nýjar.

5. mál. Fyrirkomulag hreppsnefndarfunda. Tillaga kom fram um að hreppsnefnd komi saman fyrsta og þriðja hvern fimmtudag í mánuði kl. 16.00 . Ákveðið var að síðasti fundur fyrir sumarleyfi verði 27. júní nk. og sumarleyfi hreppsnefndar verði síðan fram í miðjan ágúst. Nokkur umræða var um fyrirkomulag á störfum hreppsnefndar. Rætt var um ritun fundargerða og eftirfylgni mála.

6. mál. Starfsmaður verkefnisins Vopnfirðingar virkja, áframhaldandi ráðning.

Lögð fram svofelld tillaga um framhaldsráðningu starfsmanns þess er ráðinn var tímabundið í verkefnið um síðustu áramót: “ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að ráða Mágnús Má Þorvaldsson til áframhaldandi vinnu til eftirfylgni á verkefninu Vopnfirðingar virkja og annarra verka er tengjast atvinnu -og ferðamálum. Jafnframt verði gengið þannig frá ráðningu hans að starf hans nýtist að hluta til annarra verka, svo sem þjónustu byggingarfulltrúa hreppsins o.fl. Ráðningin sé tímabundin til 1. júní 2003. Á miðjum ráðningartíma verði ráðning endurmetin með framlengu í huga, ef þörf krefur. Oddvita, varaoddvita ásamt sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningunni.”

Björn Halldórsson tók til máls og mælti með lengri ráðningartíma. Lagði hann fram svofellda breytingartillögu:

“Ráðningatími Magnúsar Más verði 2 ár í stað eins árs.”

Oddviti bar breytingartillöguna undir atkvæði og var hún felld með 5 atkvæðum gegn einu einn sat hjá.

Fyrirliggjandi tillaga um ráðningu Magnúsar Más síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

7. mál Önnur mál.

Lagt fram svofellt samkomulag K-lista Framfara og félagshyggju:

“K-listi Framfara og félagshyggju er sameiginlegt framboð Framsóknarfélags Vopnafjarðar og Bæjarmálafélagsins Tangans Vopnafirði við sveitarstjórnarkosningarnar í Vopnafjarðarhreppi 25. máí 2002.

Samkomulag er um eftirfarandi milli félaganna varðandi hvernig varamenn taki sæti við brotthvarf aðalmanna framboðsins út úr seitarstjórn. Félögin hafa ákveðinn fjölda fulltrúa á listanum og við brotthvarf fulltrúa, sem er aðalmaður í sveitastjórn færast sá upp, sem aðalmaður í sveitarstjórn sem er í fyrsta varamannasæti hjá viðkomandi félagi, og svo framvegis.”

Vopnafirði 10.06.2002.

f.h. Framsóknarfélags Vopnafjarðar f.h. Bæjarmálafélagsins Tangans

Emil Sigurjónsson (sign) Aðalbjörn Björnsson (sign)

Fleira ekki gert, þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.